

# **FRÆÐSLUNEFND SÁLFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS**

**Ársskýrsla 2016**

# FRÆÐSLUNEFND

Í fræðslunefnd árið 2016 sátu:

Anna María Frímannsdóttir

Berglind Stefánsdóttir

Elín Jónasdóttir

Karen Júlía Sigurðardóttir og

Sjöfn Evertsdóttir.

Í september hætti Sjöfn í nefndinni en hún var formaður nefndarinnar. Ákveðið var að biðja með að fá inn nýjan fulltrúa í hennar stað fram að næsta aðalfundi SÍ. Anna María tók við formennsku nefndarinnar.

## **Fundir og verkefni árið 2016**

Fræðslunefnd fundaði alls 9 sinnum á árinu.

Fræðslunefnd skipulagði tvö námskeið og 3 morgunverðarfundir.

**Námskeið 2016**

# Handleiðslunámskeið

10. og 11. október

Námskeið fyrir þá sem sinna handleiðslu fagfólks. Krafa um að þátttakendur hafi bæði reynslu af hugrænni atferlismeðferð og handleiðslu.

Fjöldi þátttakenda – 37

Leiðbeinandi: Sarah Rakovshik, Director of the University of Oxford/OCTC

# Greining ADHD hjá fullorðnum og börnum

25. nóvember

## *Greining ADHD hjá börnum*

Farið yfir greiningarskilmerki ADHD hjá börnum. Klínískar leiðbeiningar um greiningu og meðferð ADHD hjá börnum. Farið yfir helstu skimunar- og matstæki og notkun þeirra. Fjallað um greiningarviðtalið, við hverja og helstu áherslur fyrir mismunandi aldur. Einnig var fjallað um þverfaglegar greiningar, fylgiraskanir og mismunagreiningar.

Fjöldi þátttakenda 21

Leiðbeinandi: Gyða Sigurlaug Haraldsdóttir

## Greining ADHD hjá fullorðnum

Á námskeiðinu var farið í greiningarferlið, skimunarlista og reikniforrit. Kynning á K-SADS greiningarviðtalinu, aðlagaðri útgáfu fyrir fullorðna. Þjálfun í notkun K-SADS – áhorf á myndband og æfingar.

Fjöldi þátttakenda 34

Leiðbeinendur: Sigurlín H. Kjartasdóttir, klínískur sálfræðingur, Eva Rós Gunnarsdóttir, sálfræðingur og Þórgunnur Ársælsdóttir, sérfræðingur í geðlækningum. Leiðbeinendur sitja allir í ADHD teymi LSH.

# **Morgunverðarfundir 2016**



## Sérfræðiviðurkenning sálfræðinga

### Morgunverðarfundur haldinn í samstarfi við Félag sérfræðinga í klínískri sálfræði (FSKS)

29. janúar

Fjallað var um sérfræðiviðurkenninguna, farið yfir nýja og gamla reglugerð.

Farið yfir eldri og nýrri viðmið og hvað nákvæmlega felst í hverjum þætti fyrir sig. Ræddar voru spurningar eins og: Hvernig er heppilegt að bera sig að? Hverju skilar sérfræðiviðurkenning? Mikilvægi sérfræðiviðurkenningar fyrir sálfræðistéttina?

Fjöldi þátttakenda – 45

Flytjendur: Gyða Haraldsdóttir, forstöðumaður Þroska- og hegðunarstöðvar og Sigurður J. Grétarsson prófessor við Háskóla Íslands

# Álag og áhrif þess á foreldra að annast um krabbameinssjúkt barn

18. mars

Flytjandi: Eygló Guðmundsdóttir,

Erindi féll niður vegna ónógrar þátttöku.

# **Streita, starfsánægja og kulnun í starfi**

**18. nóvember**

Fjallað var almennt um streitu og tengsl hennar við starfsánægju og kulnun í starfi. Sérstök áhersla var lögð á streitu og kulnun í meðal sálfræðinga og tengdra stétta.

Fjöldi þátttakenda - 42 auk 16 sem tóku þátt í gegnum fjarfundarbúnað.

Flytjandi: Elín Díanna Gunnarsdóttir, sálfræðingur og dósent við Háskólann á Akureyri.

## Verkefni árið 2017

Lögð hafa verið drög að nokkrum morgunverðarfundum fyrir árið 2017.

Einn fundur hefur þegar farið fram og annar verið staðfestur í mars.

Fræðslunefnd hefur óskað eftir því við aðrar nefndir innan SÍ að halda erindi á morgunverðarfundum. Jákvæðar undirtektir hjá prófanefnd vekja vonir um að erindi frá þeim verði á morgunverðarfundi í vor eða haust.

# Hugarmyndir og endurskrif þeirra– Imageries and imagery rescripting

9.febrúar

Fjallað um hugarmyndir sem hafa lengi verið notaðar í sálrænni meðferð og eru nú skilgreindar sem hluti hugrænnar atferlismeðferðar. Við endurskrif hugarmynda eru minningar kallaðar fram, endurupplifaðar og endurskrifaðar þannig að áhrif þeirra verða jákvæðari. Fjallað um hvernig má beita aðferðinni við ólíkan sálrænan vanda.

Þátttakendur - 48

Fyrirlesari: Oddi Erlingsson, sérfræðingur í klínískri sálfræði

# **Störf sálfræðinga í heilsugæslunni**

**15. mars**

Fyrirlesari: Agnes Agnarsdóttir

## **FRÆÐSLUNEFND - næsta tímabil**

Eftirfarandi nefndarmenn munu ekki gefa kost á sér fyrir næsta tímabil,

Anna María Frímansdóttir

Berglind Stefánsdóttir og

Elín Jónasdóttir

Karen Júlía Sigurðardóttir situr áfram í nefndinni.

Kjósa þarf alls fjóra nýja fulltrúa í nefndina fyrir næsta tímabil.